

## Moldóva á lista yfir örugg ríki

Skilyrði þess að land geti talist öruggt ríki er að til staðar sé réttarríki sem uppfylli ákveðin grunnskilyrði, þ.e. að almennt séu ofsóknir ekki liðnar í landinu eða að ekki sé til staðar veruleg hættu á að fólk verði fyrir alvarlegum skaða. Skaða ber lög, reglur og lagalega starfshætti landsins og ganga úr skugga um að þar sé virðing borin fyrir grundvallarmannréttindum og úrræði séu til staðar ef brotið er gegn þeim réttindum. Samkvæmt útlendingalögum er heimilt að taka umsóknir borgara ríkja sem eru á lista yfir örugg ríki til flýtimeðferðar en sérstakt mat á því og málsatvikum fer ávallt fram.

Frá árinu 2014 hafa 37 aðilar sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi þar af sóttu 33 aðilar um alþjóðlega vernd árið 2018.

Ríkið Moldóva er sett á lista Útlendingastofnunar yfir örugg ríki á grundvelli eftirfarandi:

1. Landaupplýsingar um stjórnarfar og stöðu mannréttinda í Moldóvu kveða á um að Moldóva sé lýðræðisríki og að þar séu ekki stundaðar kerfisbundnar ofsóknir gegn fólki. Grundvallarmannréttindi eru almennt virt í Moldóvu.
  - a) Líf og frelsi borgara landsins er almennt ekki talið í hættu vegna kynþátta, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að sérstökum þjóðfélagshópum eða vegna stjórnmalaskoðana auk þess sem stjórnarskrá Moldóvu sem og önnur landslög banna mismunun á grundvelli fyrrgreindra ástæðna. Þrátt fyrir framangreint þá þekkist mismunun á einstaka sviðum í Moldóvu, hins vegar benda landaupplýsingar um Moldóvu til þess að slík mismunun verði almennt ekki jafnað til ofsókna eða annarrar illrar meðferðar.
  - b) Bann við pyndingum og grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð sem mælt er fyrir um í þjóðarrétti er almennt virt.
  - c) Moldóva hefur verið aðili að Genfarsáttmálanum frá árinu 1993 en með aðild að þeim sáttmála hefur ríkið skuldbundið sig til þess að senda ekki fólk þangað sem það kann að vera í hættu.<sup>1</sup>
2. Í Moldóvu er fullnægjandi vernd til staðar og hafa yfirvöld skilvirka stjórn yfir öryggissveitum landsins. Sjálfstæði dómstóla er almennt virt og gæta þeir, auk saksóknara og lögreglu, réttinda borgara í Moldóvu með ágætum, sem felur í sér rannsókn, ákæru og refsingu fyrir glæpi sem framdir eru í landinu. Eftirfylgni við hverslags brot gegn refsilöggjöf er til staðar og bera heimildir með sér að almennir borgarar hafi jafnan aðgang að þessu verndarkerfi.<sup>2</sup> Þá er einnig starfandi umboðsmaður í Moldóvu og felst hlutverk hans m.a. í því að taka til skoðunar mál sem varða brot á mannréttindum auk þess að gefa ráðgefandi tilmæli til þingsins og annarra stjórnvalda vegna mála sem kunna að koma upp í tengslum við brot á mannréttindum.<sup>3</sup>
3. Moldóva er aðili að fjölmörgum alþjóðasamningum um verndun mannréttinda. Moldóva hefur til að mynda verið aðili að Evrópuráðinu síðan árið 1995 og fullgilti mannréttindasáttmála

<sup>1</sup> U.S. Department of State. Bureau of Democracy, Human Rights and Labour: *Country Reports on Human Rights practices 2017. Moldova*. Aðgengilegt á: <https://www.state.gov/j/drl/rls/hrrpt/2017/eur/277195.htm>. Sjá einnig stjórnarskrá Moldóvu 2016. Aðgengilegt á: <http://www.presedinte.md/eng/constitution>. Sjá einnig: ICRC: Treaties, States Parties and Commentaries [https://www.icrc.org/applic/ihl/ihl.nsf/vwTreatiesByCountrySelected.xsp?xp\\_countrySelected=MD](https://www.icrc.org/applic/ihl/ihl.nsf/vwTreatiesByCountrySelected.xsp?xp_countrySelected=MD)

<sup>2</sup> U.S. Department of State. Bureau of Democracy, Human Rights and Labour: *Country Reports on Human Rights practices 2017. Moldova*. Aðgengilegt á: <https://www.state.gov/j/drl/rls/hrrpt/2017/eur/277195.htm>.

<sup>3</sup> The people's advocate (ombudsman). Aðgengilegt á: <http://ombudsman.md/en/advanced-page-type/dezvoltarea-strategica>

Evrópu árið 1997.<sup>4</sup> Moldóva gerðist einnig aðili að alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórn mála réttindi þann 26. janúar 1993 og samningi Sameinuðu Þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu þann 28. nóvember 1995.<sup>5</sup>

4. Moldóva undirritaði samstarfssamning (e. *Association agreement*), við Evrópusambandið þann 27. júní 2014 sem lagði grunninn að efnahagslegu og pólitísku samstarfi og var samningurinn fullgiltur þann 1. júlí árið 2016.<sup>6</sup> Þá hafa ríkisborgarar Moldóvu notið ferðafrelsis innan Evrópu síðan 28. apríl 2014.<sup>7</sup>

Önnur Evrópuríki hafa sett Moldóvu á lista yfir örugg ríki þ.e. Danmörk, Bretland og Frakkland.<sup>8</sup> Noregur er ekki með lista yfir örugg ríki en þar er notast við lista yfir ríki þar sem flýtimeðferð er beitt (48 tímar) og er Moldóva á þeim lista.<sup>9</sup>

Áréttað er að þrátt fyrir að tiltekið ríki sé á lista yfir örugg ríki fer ávallt fram einstaklingsbundið mat á aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Hvert mál er skoðað sérstaklega á eigin forsendum með tilliti til fyrirliggjandi gagna og landaupplýsinga á hverjum tíma og það eitt að umsækjandi um vernd sé frá ríki á listanum getur aldrei leitt til þess að Útlendingastofnun taki mál hans ekki til skoðunar eða synji umsókn hans án undangenginnar rannsóknar. Þegar það á við eru mál ríkisborgara landa á listanum tekin til almennrar efnismeðferðar og er listinn því aðeins til hlíðsjónar.

Útlendingastofnun, 20. desember 2018



Kristín Völundardóttir, forstjóri

<sup>4</sup> Vefsíða Council of Europe. Aðgengilegt á: <https://www.coe.int/en/web/chisinau/home?desktop=true>

<sup>5</sup> Vefsíða: United Nations. Human Rights. Office of the High Commissioner. *View the ratification status by country or by treaty.* Aðgengilegt á:

[https://tbinternet.ohchr.org/\\_layouts/TreatyBodyExternal/Treaty.aspx?CountryID=142&Lang=EN](https://tbinternet.ohchr.org/_layouts/TreatyBodyExternal/Treaty.aspx?CountryID=142&Lang=EN)

<sup>6</sup> European Union. External Action. *The Republic of Moldova and the EU. Overview of political and economic relations between the Republic of Moldova and the European Union.* Aðgengilegt á:

[https://eeas.europa.eu/delegations/moldova\\_en/1538/The%20Republic%20of%20Moldova%20and%20the%20](https://eeas.europa.eu/delegations/moldova_en/1538/The%20Republic%20of%20Moldova%20and%20the%20)

OEU. Sjá einnig: European Commission. Press Release Database. *Full entry into force of the Association Agreement between the European Union and the Republic of Moldova.* Aðgengilegt á:

[http://europa.eu/rapid/press-release\\_IP-16-2368\\_en.htm](http://europa.eu/rapid/press-release_IP-16-2368_en.htm).

<sup>7</sup> European Commission. Migration and Home Affairs. *Visa liberalisation with Moldova, Ukraine and Georgia.*

Aðgengilegt á: [https://ec.europa.eu/home-affairs/what-we-do/policies/international-affairs/eastern-partnership/visa-liberalisation-moldova-ukraine-and-georgia\\_en](https://ec.europa.eu/home-affairs/what-we-do/policies/international-affairs/eastern-partnership/visa-liberalisation-moldova-ukraine-and-georgia_en)

<sup>8</sup> European Commission. An EU „Safe Countries of Origin“ list. Aðgengilegt á: [https://ec.europa.eu/home-affairs/sites/homeaffairs/files/what-we-do/policies/european-agenda-migration/background-information/docs/2\\_eu\\_safe\\_countries\\_of\\_origin\\_en.pdf](https://ec.europa.eu/home-affairs/sites/homeaffairs/files/what-we-do/policies/european-agenda-migration/background-information/docs/2_eu_safe_countries_of_origin_en.pdf)

<sup>9</sup> European Commission. European Migration Network. *Safe Countries of Origin.* Aðgengilegt á:

[https://ec.europa.eu/home-affairs/sites/homeaffairs/files/00\\_inform\\_safe\\_country\\_of\\_origin\\_final\\_en\\_0.pdf](https://ec.europa.eu/home-affairs/sites/homeaffairs/files/00_inform_safe_country_of_origin_final_en_0.pdf)